



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÍSLANDSHEIMSÓKN FORSETA EYSTRASALTSRÍKJANNA

Forsetar Eyrstrasaltsríkjanna þriggja koma í opinbera heimsókn til Íslands ásamt mökum og fylgdarliði dagana 25.–26. ágúst næstkomandi. Þá verða rúmir þrír áratugir liðnir frá því að ríkin tóku upp stjórnmalasamband að nýju, þann 26. ágúst 1991, eftir að Ísland varð fyrst ríkja til að viðurkenna á ný sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litháens í kjölfar falls Sovétríkjanna.

Egils Levits, forseti Lettlands, og Andra Levite, eiginkona hans, Gitanas Nauséda, forseti Litháens og Diana Nausédiené, eiginkona hans, og Alar Karis, forseti Eistlands, og Sirje Karis, eiginkona hans, koma til landsins fimmtudaginn 25. ágúst. Í fylgdarliði forsetanna verða utanríkisráðherrar landanna þriggja, þeir Edgars Rinkēvičs, utanríkisráðherra Lettlands, Urmas Reinsalu, utanríkisráðherra Eistlands, og Gabrielius Landsbergis, utanríkisráðherra Litháens. Samhliða hinni opinberu heimsókn verða borgarstjórar Tallinn, Riga og Vilnius á Íslandi og taka þátt í hluta dagskrárinnar.

Dagskráin hefst síðdegis á fimmtudag í Alþingishúsinu. Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, tekur á móti þjóðhöfðingjunum og kynnir þeim stuttlega sögu Alþingis áður en sest er til fundar með fulltrúum þingflokka. Að kvöldi fimmtudagsins býður forseti Íslands þjóðhöfðingjum og fylgdarliði þeirra svo til hátíðarkvöldverðar á Bessastöðum.

Föstudaginn 26. ágúst verður þess minnst með hátíðarsamkomu í Höfða í Reykjavík að þann dag árið 1991 var skrifað undir yfirlýsingar þar um stjórnmalasamband Íslands við Eistland, Lettland og Litháen. Forsetar Eyrstrasaltsríkjanna ávarpa samkomuna en að því loknu kynnir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra sameiginlega yfirlýsingu í tilefni tímamótanna, sem ráðherrarnir fjórir undirrita.

Því næst verður haldið í hátíðarsal Háskóla Íslands þar sem forseti Íslands flytur fyrirlesturinn „Icebreaker on the International Scene? Icelandic Support for Baltic Independence 1990 – 1991“. Forsetar Eistlands, Lettlands og Litháens setjast í pallborð að fyrirlestrinum loknum og ræða við forseta Íslands um samskipti ríkjanna. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, stýrir umræðum og verður viðburðinum streymt á netinu.

Að fyrirlestri loknum verður haldið til hádegisverðar í Viðey í boði Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Þá verður ekið að Helligheiðarvirkjun þar sem þjóðhöfðingjarnir og sendinefndir þeirra fá kynningu á nýtingu grænnar orku á Íslandi og starfsemi Carbfix. Þaðan verður haldið að Þingvöllum þar sem formlegri dagskrá opinberrar heimsóknar forseta Eyrstrasaltsríkjanna lýkur.

22. ágúst 2022

*Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir hátíðardagskrána á Alþingi, að Bessastöðum, í Höfða og Háskóla Íslands. Opinberar myndir frá hátíðardagskránni verða jafnframt aðgengilegar til frjálstra afnota á eftirfarandi vefslóð:*

<https://www.flickr.com/photos/utanrikisraduneyti/>

*Viðtöl standa til boða við forseta og utanríkisráðherra Íslands og Eyrstrasaltsríkjanna en æskilegt er að óskir um slíkt berist skrifstofu forseta Íslands eða utanríkisráðuneytinu með fyrirvara svo að unnt sé að verða við þeim. Fulltrúar fjölmiðla eru vinsamlegast beðnir um að boða komu sína eigi síðar en kl. 12:00 fimmtudaginn 24. ágúst.*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400), Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (s. 895 8885, [una@forseti.is](mailto:una@forseti.is)) og Sveinn H. Guðmarsson, fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins (s. 695 2790, [sveinn.gudmarsson@utn.is](mailto:sveinn.gudmarsson@utn.is)).*